Fullgild rafræn undirskrift
BERGÞÓRA ÞORKELSDÓTTIR
2026-06-04 09:04:25 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HILMAR STEFÁNSSON
2026-06-04 09:18:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
BERGÞÓRA KRISTINSDÓTTIR
2026-06-04 09:51:47 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2026-06-04 10:39:38 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HELGI GUNNARSSON
2026-06-05 10:49:25 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Almenningssamgöngur ehf.

## Ársreikningur 2025

Almenningssamgöngur ehf.
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ

Kt. 430676-0169

# Efnisyfirlit

Bls.


Áritun endurskoðanda ........ 3

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Sjóðstreymisyfirlit ........ 7

Skýringar ........ 8

# Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Almenningssamgöngum ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Almenningssamgangna ehf. fyrir árið 2025 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn og framkvæmdastjóri félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðiþekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Garðabæ, 26. maí 2026

***Áland sf***

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið sér um ferjusiglingar með farþega og vörur á milli Dalvíkur og Grímseyjar/Hríseyjar samkvæmt samningi þess við Vegagerðina.

**Rekstur ársins 2025 og framtíðarhorfur**

Rekstrartekjur félagsins námu 485,6 millj. kr. á árinu 2025 og rekstrargjöld 504,0 millj.kr. Hagnaður félagsins á árinu 2025 nam 1,3 millj. kr. (2024: 0,0 millj. kr. ).

Eigið fé félagsins í árslok nam 9,0 millj. kr. (2024: 7,6 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 0,5 millj. kr. Stjórn félagsins leggur til að ekki verður greiddur arður til hluthafa á árinu 2026 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 12,0 (2024: 7,5).

Hlutafé er að fullu í eigu Vegagerðarinnar í árslok líkt og í ársbyrjun.

Stjórn og framkvæmdastjóri Almenningssamgangna ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

# Rekstrarreikningur árið 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Vörusala | | 107.551.079 | 93.864.280 |
| Ríkisstyrkir | 3 | 378.000.000 | 410.000.000 |
| | | 485.551.079 | 503.864.280 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 137.148.528 | 175.702.050 |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 288.749.755 | 279.632.774 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 76.071.697 | 46.795.636 |
| Afskriftir | 5 | 2.000.829 | 1.779.536 |
| | | 503.970.809 | 503.909.996 |
| Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | ( 18.419.730) | ( 45.716) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur | | 19.983.712 | 1.208.516 |
| Vaxtagjöld | | ( 128.673) | ( 1.162.800) |
| | | 19.855.039 | 45.716 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 1.435.309 | 0 |
| Tekjuskattur | 8 | ( 107.173) | 0 |
| **Hagnaður ársins** | 7 | 1.328.136 | 0 |

# Efnahagsreikningur 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 5 | 7.335.353 | 9.336.182 |
| Fastafjármunir | | 7.335.353 | 9.336.182 |
| | | | |
| Viðskiptakröfur | | 15.998.780 | 15.969.502 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 15.118.594 | 259.919 |
| Handbært fé | | 99.861.478 | 56.335.336 |
| Veltufjármunir | | 130.978.852 | 72.564.757 |
| | | | |
| **Eignir samtals** | | 138.314.205 | 81.900.939 |
| | | | |
| **Eigið fé** | 7 | | |
| Hlutafé | 6 | 500.000 | 500.000 |
| Bundið eigið fé | | 7.144.972 | 7.144.972 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.328.136 | 0 |
| Eigið fé | | 8.973.108 | 7.644.972 |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 19.905.717 | 22.488.863 |
| Skuldir við tengda aðila | | 50.244.739 | 33.228.979 |
| Tekjuskattur til greiðslu | 8 | 107.173 | 0 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 42.000.000 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 17.083.468 | 18.538.125 |
| Skammtímaskuldir | | 129.341.097 | 74.255.967 |
| | | | |
| Skuldir samtals | | 129.341.097 | 74.255.967 |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 138.314.205 | 81.900.939 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður ársins | 7 | 1.328.136 | 0 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 5 | 2.000.829 | 1.779.536 |
| Veltufé frá rekstri | | 3.328.965 | 1.779.536 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 14.887.953) | 11.155.579 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 38.069.370 | ( 4.768.859) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 23.181.417 | 6.386.720 |
| Handbært fé frá rekstri | | 26.510.382 | 8.166.256 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 5 | 0 | ( 9.615.718) |
| Kröfur á tengda aðila, breyting | | 0 | 1.509.567 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 0 | ( 8.106.151) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Skuldir við tengda aðila, breyting | | 17.015.760 | 33.228.979 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 17.015.760 | 33.228.979 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 43.526.142 | 33.289.084 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 56.335.336 | 23.046.252 |
| **Handbært fé í árslok** | | 99.861.478 | 56.335.336 |

# Skýringar

**1. Félagið**

Almenningssamgöngur ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Suðurhrauni 3 í Garðabæ. Starfsemi félagsins felst í rekstri Grímseyjarferjunnar.

**2. Reikningsskilaaðferðir**

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Innlausn tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Vélar, áhöld og tæki ........................................................................................................................ | 5 ár |

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðufærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattur ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Skatteign vegna yfirfæranlegs taps og frádráttarbærra tímabundinna mismuna er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta skattalega tapið á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

# Skýringar

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| **3. Ríkisstyrkir** | | |
| Vegagerðin opinber framlög | 420.000.000 | 410.000.000 |
| Frestun tekjufærslu framlaga | ( 42.000.000) | 0 |
| | 378.000.000 | 410.000.000 |

Framlög ársins eru ætluð til að mæta kostnaði við rekstur og er tekjufærslu að hluta til frestað til að mæta kostnaði sem fellur til síðar .

## 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Laun | 239.006.958 | 232.463.344 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 28.974.136 | 27.588.504 |
| Önnur launatengd gjöld | 20.768.661 | 19.580.926 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 288.749.755 | 279.632.774 |
| Ársverk í árslok | 12 | 7,5 |

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

| | Vélar, áhöld og tæki |
|---|---|
| Heildarverð 1.1.2024 | 11.115.718 |
| Viðbót | 0 |
| Heildarverð 31.12.2024 | 11.115.718 |
| Viðbót | 0 |
| Heildarverð 31.12.2025 | 11.115.718 |
| | |
| Afskrifað 31.12.2024 | 1.779.536 |
| Afskriftir ársins | 2.000.829 |
| Afskrifað samtals 31.12.2025 | 3.780.365 |
| | |
| Bókfært verð 31.12.2024 | 9.336.182 |
| Bókfært verð 31.12.2025 | 7.335.353 |
| Afskriftahlutföll | 20% |

## 6. Hlutafé

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins er 0,5 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

## 7. Yfirlit eiginfjárreikninga

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 31.12.2024 | 500.000 | 7.144.972 | 0 | 0 | 7.644.972 |
| Hagnaður ársins | | | 0 | 1.328.136 | 1.328.136 |
| Eigið fé 31.12.2025 | 500.000 | 7.144.972 | 0 | 1.328.136 | 8.973.108 |

# Skýringar

## 8. Tekjuskattur

Tekjuskattur til greiðslu að fjárhæð kr. 107.173 er gjaldfærður á rekstrarreikningi. Yfirfæranlegt skattalegt tap í lok árs 2024 að fjárhæð kr. 1.191.158 var að fullu nýtt á móti skattskyldum hagnaði ársins.

## 9. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, hluthafar með yfirráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

| | **Keypt þjónusta og vörur** | **Seld þjónusta og vörur** | **Framlög** | **Skuldir** |
|---|---|---|---|---|
| Viðskipti og stöður við tengda aðila árið 2025: | | | | |
| Vegagerðin ...................................................... | 16.800.000 | 0 | 420.000.000 | 50.244.739 |
| Viðskipti og stöður við tengda aðila árið 2024: | | | | |
| Vegagerðin ...................................................... | 16.240.000 | 0 | 410.000.000 | 33.228.979 |